

Ísafjörður

Lag og texti: Bragi Valdimar Skúlason

Mitt í fjallanna fangi
hvílir fjörðurinn vær.
Þar er torg, þar er tangi
þar er töfrandi bær.

Frá því vindarnir vefja
um þig vetrarins dún
þar til geislar sig hefja
yfir háfjallabrún.

Þar á hjarta mitt heima
þar á hugurinn var.
Þar má láta sig dreyma
þar fær lífsgátan svar.

Frá því lyngbreiður þekja
þig um litskrúðug haust.
Þar til vorboðar vekja
þig með vonbjartri raust.

Hér á tónlistin stað,
við treystum á það
til framtíðar.
Þetta er staðurinn þinn,
þetta er staðurinn minn,
við mætumst þar.

Hér á tónlistin stað,
við treystum á það
til framtíðar.
Þetta er staðurinn þinn,
þetta er staðurinn minn,
við mætumst þar.

